

Mánudaginn 1. október 1951.

Nr. 20/1951. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Albert Stanley Victor Jones (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og að því athuguðu, að gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur gekk, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Albert Stanley Victor Jones, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. jan. 1951.

Ár 1951, laugardaginn 20. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 187/1951: Ákærvaldið gegn Albert Stanley Victor Jones, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Albert Stanley Victor Jones, skipstjóra á brezka togaranum York City, G.Y. 193, til heimilis í 32 Park Street í Grimsby, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. maí 1924.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 15. febrúar 1920 í Eastbourne í Englandi.

Hinn 15. apríl 1927 sætti hann áminningu fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 3. gr. sömu laga og lögum nr. 36 1926. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt ákæru fyrir dómstólum hér, svo kunnugt sé.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, var hann í morgun að botnvörpuveiðum innan landhelgislínu út af Kirkjuvogi í Höfnum.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu *Ægi*, sem ákærði hefur viðurkennt rétta, voru nánari atvik þannig:

Í dag var varðskipið á eftirlitsferð norður með Hafnarbergi. Kl. 10.10 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Hafnarbergstá í réttvisandi 73°, fjarlægð 0,5 sjómilur eftir ratsjá. Vegmælir 70.5. Sást þá togarinn framundan, og var stefnan sett á hann réttvisandi 343°. Kl. 10.17 var togarinn orðinn 10° á bakborða, vegmælir 71.5 sjómilur. Var þá haldið í réttvisandi 333° í 1.8 sjómílu og síðan beygt að skipinu, er hélt frá landi og suður og seinast nálægt vestri. Kl. 10.34 nam varðskipið staðar hjá togaranum, er var með stjórnborðsvörpu í sjó. Var þá gefið stöðvunarmerki, dufl sett út og dýpi mælt 86 metrar. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun með ratsjá: Fjarlægð í Stafnestá 3.0 sjómilur og í Hafnarbergstá 3.8 sjómilur, sem gefur staðinn 0.6 sjómilur innan landhelgislínu. Rétt á eftir byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína, og kl. 10.45 komu hlerar hans í gálga og var nokkur fiskur í vörpunni. Samtímis var bátur settur út frá varðskipinu og ákærði sóttur yfir í togarann. Var honum í varðskipinu bent á, að hann væri á veiðum innan landhelgislínunnar. Kvað hann sér koma þetta á óvart, miðað við dýpi og fleira, en þegar honum var sýnt í ratsjá varðskipsins, viðurkenndi hann, að hann væri innan landhelgislínunnar. Kafaldsbylur var á, og taldi ákærði það sér til afsökunar og að hann hefði talið tvo metra vera í brezkum faðmi. Héldu síðan varðskipið og togarinn til hafnar.

Ákærði var nýkominn úr heimahöfn til lands og var að byrja veiðar og kveðst ekki hafa haft landsýn hér, fyrr en eftir þá atburði, sem lýst hefur verið.

Hann kveðst samkvæmt miðunarstöð skipsins hafa kastað vörpunni utan landhelgislínu og hafi það verið óviljaverk sitt að fara inn fyrir línuna.

Það er upplýst af hálfu skipherrans á varðskipinu, að slæm veðurskilryrði hafi verið við suðurströnd landsins undanfarið.

Að tilhlutan réttarins hefur skólastjóri Stýrimannaskólans sett mælingar varðskipsforingjanna út í hið framlagða sjókort og ekkert fundið við staðarákvörðun þeirra að athuga.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Með tilliti til núverandi gullgildis islenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgisjós Íslands, og komi

7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans York City, G.Y. 193, skulu upptæk gerr til sama sjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Stanley Victor Jones, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans York City, G.Y. 193, skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. október 1951.

Nr. 43/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Magnúsi Jónssyni (Lárus Jóhannesson)

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í máli þessu í héraði, hefur framhaldsrannsókn farið fram í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 11. desember 1950 og í lögreglurétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hinn 9. janúar 1951. Hafa þeir löggæzlumennirnir Eiríkur skipherra Kristófersson og Magnús Björnsson l. stýrimaður svo og Anton Gunnar Axelsson flugmaður komið fyrir dóm og skýrt nánar frá atvikum varðandi eftirlitsferð þeirra í Húnaflóa hinn 16. maí 1949. Þá hafa og nánari skýrslur verið teknar af ákærða og stýrimanni á v/s Ágústi Þórarinssyni. Loks hefur skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, samkvæmt tilmælum sækjanda málsins hér